

Ed.

677. Frumvarp til laga

[13. mál]

um vörumerki.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 13 með þessari breytingu:

48. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá úr gildi lög nr. 43 13. nóvember 1903; lög nr. 13 13. janúar 1938; lög nr. 77 26. júní 1941, svo og önnur lög, er brjóta kunna í hága við lög þessi.

Með tilkynningar, sem borizt hafa vörumerkjaskráritara, áður en lög þessi öðlast gildi, og ekki hafa hlotið afgreiðslu, skal farið eftir eldri lögum. Ef tilkynnandi óskar, skal þó farið með slíkar tilkynningar eftir þessum lögum.